

25

7. gr.

13. apríl Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Ólafur Thors.

26

L Ö G

24. marz

um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „flugvallastjóra ríkisins“ á fjórum stöðum í 2. gr. laganna komi: flugmálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

27

L Ö G

30. marz

um verðlagsskrár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðlagsskrárumdæmi skulu vera þessi:

1. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður.
3. Skaftafellssýslur.
4. Vestmannaeyjakaupstaður.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

7. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Keflavíkur-, Hafnarfjarðar- og Reykjavíkur-
kaupstaðir.
8. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
9. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
10. Dalasýsla.
11. Barðastrandarsýslur.
12. Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður.
13. Strandasýsla.
14. Húnavatnssýslur.
15. Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókskaupstaður.
16. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrar-, Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarkaupstaðir.
17. Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstaður.

27

30. marz

2. gr.

Yfirs kattane fnd hvers verðlagsskrárumdæmis skal í janúarmánuði ár hvert semja verðlagsskrá, er gildir fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Nú er fleiri en ein yfirs kattane fnd í verðlagsskrárumdæmi, og skal þá sú yfirs kattane fnd, sem sýslumaður skipar forsæti í, annast samningu verðlagsskrár samkvæmt 1. málslíð þessarar greinar.

3. gr.

Yfirs kattane fnd skal setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka í verðlagsskrá, eftir því peningaverði, sem henni er kunnugt um, að á þeim hafi verið á síðastliðnu ári. Við verðlagningu búpenings skal hún fara eftir því, á hvaða verði búfé hve rrar tegundar hefur gengið kaupum og sölum manna á milli á verðlagsskrársvæðinu, og miða við meðalverð. Við verðskráningu innlendra framleiðsluvara skal hún fara eftir skýrslum, er hún aflar sér frá verzlunum þeim, er íbúar viðkomandi verðlagsskrárumdæmis hafa aðalviðskipti við, og skal leggja til grundvallar það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína.

Ef yfirs kattane fnd er kunnugt um, að einhver tegund landaura, önnur en búfé, hafi eigi verið verzlunarvara í umdæminu á síðasta ári, skal hún eigi setja verðlag á þá tegund.

Verði yfirs kattane fnd eigi á eitt sátt um verðlag, skal meðaltal ráða.

4. gr.

Er yfirs kattane fnd hefur samið verðlagsskrá, skal sýslumaður senda hana fjármálaráðuneytinu, sem staðfestir hana og sér um, að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þyki fjármálaráðuneytinu ástæða til, getur það sent verðlagsskrána til ríkisskattane fndar til athugunar og staðfestir hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattane fnd leggur til, að á henni verði gerðar.

5. gr.

Verðlagsskrá skal gilda frá 16. degi mámanaðar, næst eftir að hún er samin, til jafnlengdar næsta árs, og skal birta hana á manntalsþingum það ár, er hún gengur í gildi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, svo og önnur þau lagaákvæði, sem koma kunna í hága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 30. marz 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.